

VIGDÍS OG NÁTTÚRAN

Vigdís Finnbogadóttir, hefur alla tíð verið virk í náttúruverndarmálum. Hún er mjög meðvituð um mikilvægi náttúruverndar og sem forseti sýndi hún það bæði í áherslum sínum og í ræðum á opinberum vettvangi.

Verkefni fyrir unglingastig og framhaldsskóla

Markmið:

Nemendur átti sig á því hvað felst í hugtakinu náttúruvernd
Nemendur kynnist áherslum Vigdísar Finnbogadóttur í náttúruvernd

Tími:

2-3 kennslustundir

Framkvæmd:

1. Kennari/nemendur lesa eftirfarandi texta eða ræða um innihaldið

Vigdís Finnbogadóttir, hefur alla tíð verið virk í náttúruverndarmálum. Hún er mjög meðvituð um mikilvægi náttúruverndar og sem forseti sýndi hún það bæði í áherslum sínum og í ræðum á opinberum vettvangi. Vigdís hefur tekið þátt í fjölmörgum alþjóðlegum ráðstefnum og viðburðum, þar sem hún hefur talað fyrir mikilvægi náttúruverndar og hlutverki fræðslu í því samhengi. Þar hefur hún oft bent á það að náttúruvernd og sjálfbær nýting auðlinda krefjist bæði breytinga í stefnumótun og aukinnar meðvitundar í samfélaginu. Íslenska þjóðin hafi ekki bara ábyrgð gagnvart náttúru sinni heldur líka sérstakt tækifæri til að nýta menntun og fræðslu til að tryggja framtíðarvernd hennar. Vigdís hefur þannig verið málsvari þess að fræða almenning og að leggja áherslu á að virðing sé borin fyrir náttúrunni. Hún hefur lagt mikla áherslu á að náttúruvernd sé ekki aðeins verkefni stjórnvalda og sérfræðinga, heldur að það sé mikilvægt að allir í samfélaginu hafi vitund og þekkingu á þessu mikilvæga málefni.

Fyrri hluti:

Byrjið á því að horfa á þetta myndband um náttúruvernd

- Hvað er náttúruvernd og fyrir hvern er hún mikilvæg?
- Endurskrifið eftirfarandi setningu með ykkar eigin orðum þannig að allir í hópnum skilji hvað er átt við

Þar hefur hún oft bent á það að náttúruvernd og sjálfbær nýting auðlinda krefjist bæði breytinga í stefnumótun og aukinnar meðvitundar í samfélaginu

- Lesið textann um Vigdísi hér. Þar kemur fram afhverju Vigdísi þykir mikilvægt að börn læri að rækta og vernda náttúruna. Hvers vegna telur hún það mikilvægt?

Seinni hluti:

Skoðið eftirfarandi málsgrein úr textanum hér að ofan

Hún hefur lagt mikla áherslu á að náttúruvernd sé ekki aðeins verkefni stjórnvalda og sérfræðinga, heldur að það sé mikilvægt að allir í samfélaginu hafi vitund og þekkingu á þessu mikilvæga málefni.

- Þið sem hópur ætlið að búa til fræðslu sem hugsuð er fyrir almenning. Í fræðslunni á að koma fram hvað náttúruvernd felur í sér, afhverju hún er mikilvæg og að lokum hvernig einstaklingar og samfélög geti stuðlað að náttúruvernd.